

LÖG

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Við lok grunnskóla skal gefa nemendum kost á að þreyta samræmd lokapróf í allt að sex námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður.

2. gr.

1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum orðast svo:

Menntamálaráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum sem þess óska frest til 1. september 2004 til að framkvæma ákvæði 3. gr. um einsetinn grunnskóla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 27. desember 1999 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

13. tölul. 2. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 77/1990, um staðfestingu reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari, hljóði svo:

13. Seðlabanka Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF).

2. gr.

Á eftir 8. tölul. 8. gr. komi nýr töluliður, er verði 9. tölul. og hljóði svo:

9. Byggðastofnun.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990, 1. gr. auglýsingar nr. 14/1994, 1. gr. auglýsingar nr. 116/1996 og 3. gr. auglýsingar nr. 73/1999, um staðfestingar reglugerða um breytingar á reglugerð þessari:

- a. Á eftir orðunum „Norræna fjárfestingarbankann (NIB)“ í 2. tölul. komi: Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF).
- b. 4. tölul. hljóði svo: Lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfabjónustu og verðbréfasjóði.
- c. 5. tölul. hljóði svo: Vexti.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi 1. janúar 2000.

Forsætisráðuneytinu, 27. desember 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 106

27. desember 1999

LÖG

um Byggðastofnun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Yfirstjórn og staðsetning.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Iðnaðarráðherra ákveður staðsetningu Byggðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

3. gr.

Ársfundur og stjórn.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð.

Iðnaðarráðherra skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.